

**28. ársþing – 4. haustþing SSNV,  
fjarfundur 23. október 2020**

---

# **FUNDARGERÐ**



**Ingibergur Guðmundsson  
Davíð Jóhannsson**

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	1
Dagskrá.....	2
Þingsetning, kjör þingforseta og þingritara.....	3
Nefndir þingsins og fundarboðendur þeirra.....	3
Fulltrúatal.....	3
Afbrigða leitað frá Samþykktum og þingsköpum SSNV.....	4
Skýrsla stjórnar SSNV og ársreikningur.....	4
Skýrsla stjórnar SSNV fyrir árið 2019.....	4
Ársreikningur 2019.....	4
Fyrirspurnir og umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning.....	5
Fjárhags- og starfsáætlun 2021.....	5
Ávörp gesta.....	5
Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.....	5
Aldís Hafsteinsdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.....	5
Haraldur Benediktsson, 1. þingmaður Norðvesturkjördæmis.....	5
Tillögur og ályktanir lagðar fram.....	6
Fulltrúatal.....	7
Afgreiðsla nefndarálita og ársreiknings.....	7
Fjárhagsnefnd.....	7
Stjórnskipulagsnefnd.....	8
Allsherjarnefnd.....	9
Kosningar.....	10
Formaður stjórnar SSNV - til tveggja ára.....	10
Fjórir fulltrúar í aðalstjórn SSNV - til tveggja ára.....	10
Fimm fulltrúar í varastjórn SSNV - til tveggja ára.....	10
Endurskoðandi SSNV - til tveggja ára.....	10
Endurskoðunarnefnd SSNV - til tveggja ára.....	10
Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra – til tveggja ára.....	10
Fagráð atvinnuþróunar og nýsköpunar Uppbyggingarsjóðs – til tveggja ára.....	10
Fagráð menningar Uppbyggingarsjóðs – til tveggja ára.....	10

## Dagskrá

**09:30 Þingsetning:** *Þorleifur Karl Eggertsson, formaður stjórnar SSNV* (Þ4)

Kosning þingforseta, varaforseta, tveggja ritara, tveggja vararitara (Þ4)

**Kynning á nefndum þingsins – formenn þingnefnda:**

Kjörnefnd (S4.3/Þ6) skipuð af stjórn, Allsherjarnefnd (Þ7), Fjárhagsnefnd (Þ7) og Stjórnskipulagsnefnd (Þ7)

**09:40 Skýrsla stjórnar SSNV fyrir árið 2019:**

*Þorleifur Karl Eggertsson, formaður stjórnar SSNV*

**Ársreikningur 2019** (S2.5)

*Kristján Jónasson endurskoðandi*

Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning

**Fjárhags- og starfsáætlun 2021** (S2.1)

Unnur Valborg Hilmarsdóttir

**10:15 Ávörp gesta**

Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra  
Aldís Hafsteinsdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga  
Haraldur Benediktsson, 1. þingmaður Norðvesturkjördæmis

**11:00 Kaffihlé**

**11:10 Fulltrúatal - Tillögur lagðar fram**

**11:20 Nefndastörf**

**12.10 Hádegishlé**

**12.40 Afgreiðsla ársreiknings og annarra tillagna nefnda**

**13:00 Kosningar**

**13:30 Þinglok**

Áskilinn er réttur til breytinga á dagskrá (Þ3)

## Pingsetning, kjör þingforseta og þingritara

Þorleifur Karl Eggertsson, formaður stjórnar SSNV, setti þingið og bauð þingfulltrúa og aðra gesti velkomna á þingið sem haldið var með fjarfundabúnaði vegna covid-19 ástandsins og fundar- og fjarlægðartakmarkana í tengslum við það. Tilnefndi hann Ragnheiði Jónu Ingimarsdóttur sem 1. þingforseta og Friðrik Má Sigurðsson sem 2. þingforseta. Þá lagði hann til að þingritarar væru Davíð Jóhannsson og Ingibergur Guðmundsson og varaþingritarar Kolfinna Kristínardóttir og Sveinbjörg Rut Pétursdóttir, starfsmenn SSNV.

Tillagan var samþykkt og tók þingforseti við stjórn þingsins.

## Nefndir þingsins og fundarboðendur þeirra

Þingforseti kynnti nefndir þingsins og lagði til að eftirtaldir aðilar kölluðu nefndirnar saman:

*Fjárhagsnefnd:* Ragnhildur Haraldsdóttir, Húnavatnshreppi, kallar nefndina saman.

*Allsherjarnefnd:* Gísli Sigurðsson, Sveitarfélaginu Skagafirði, kallar nefndina saman.

*Stjórnskipulagsnefnd:* Ingveldur Ása Konráðsdóttir, Húnaþingi vestra, kallar nefndina saman

Tillagan var samþykkt.

Þá kynnti þingforseti skipan kjörnefndar sem skipuð er af stjórn eigi síðar en 1. mars ár hvert.

*Kjörnefnd:*

Sigríður Regína Valdimarsdóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði, formaður

Álfhildur Leifsdóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði

Guðmundur Haukur Jakobsson, Blönduós

Halldór G. Ólafsson, Sveitarfélaginu Skagaströnd

Þorleifur Karl Eggertsson, Húnaþingi vestra

Einnig bauð þingforseti gesti ársþingsins; Sigurð Inga Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Aldísi Hafsteinsdóttur, formann Sambands íslenskra sveitarfélaga og Harald Benediktsson, 1. þingmann Norðvesturkjördæmis, velkomna en þau fylgdust með þinginu og ávörpuðu það í gegnum fjarfundabúnað

## Fulltrúatal

Álfhildur Leifsdóttir, fulltrúi í kjörnefnd, fór yfir fulltrúatal þingsins. Rétt til fundarsetu með atkvæðisrétti eiga 30 fulltrúar og af þeim eru 28 mættir. Mættir fulltrúar eru:

Nafn	Sveitarfélag	Aðal/vara
Hrefna Jóhannesdóttir	Akrahreppur	aðal
Drífa Árnadóttir	Akrahreppur	aðal
Guðmundur Haukur Jakobsson	Blönduós	aðal
Arnrún Bára Finnsdóttir	Blönduós	vara
Anna Margrét Sigurðardóttir	Blönduós	aðal
Gunnar Tryggvi Halldórsson	Blönduós	aðal

Jón Gíslason	Húnavatnshreppur	aðal
Ragnhildur Haraldsdóttir	Húnavatnshreppur	aðal
Þorleifur Karl Eggertsson	Húnaþing vestra	aðal
Ingveldur Ása Konráðsdóttir	Húnaþing vestra	aðal
Friðrik Már Sigurðsson	Húnaþing vestra	aðal
Magnús Magnússon	Húnaþing vestra	aðal
Magnús Eðvaldsson	Húnaþing vestra	vara
Dagný Rósa Úlfarsdóttir	Skagabyggð	aðal
Magnús Björnsson	Skagabyggð	aðal
Stefán Vagn Stefánsson	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Ingibjörg Huld Þórðardóttir	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Haraldur Þór Jóhannsson	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Gísli Sigurðsson	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Regína Valdimarsdóttir	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Gunnsteinn Björnsson	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Ólafur Bjarni Haraldsson	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Jóhanna Ey Harðardóttir	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Bjarni Jónsson	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Álfhildur Leifsdóttir	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Halldór G. Ólafsson	Sv.fél. Skagaströnd	aðal
Péturína Laufey Jakobsdóttir	Sv.fél. Skagaströnd	aðal
Guðmundur Egill Erlendsson	Sv.fél. Skagaströnd	aðal

## Afbrigða leitað frá Samþykktum og þingsköpum SSNV

Áður en gengið var til dagskrár óskaði þingforseti eftir því að þingfulltrúar samþykktu afbrigði frá gr. 2.1, gr. 6 og gr. 11 í Samþykktum og þingsköpum SSNV svo; a) heimilt sé að halda sameiginlegt árs- og haustþing 2020, b) kosningar verði eingöngu með handauppréttingu, c) þingfulltrúum sé heimilt að taka til máls í gegnum fjarfundabúnað.

Þessi afbrigði voru samþykkt með 28 atkv. og var þá gengið til dagskrár.

## Skýrsla stjórnar SSNV og ársreikningur

### Skýrsla stjórnar SSNV fyrir árið 2019

**Þorleifur Karl Eggertsson, formaður stjórnar SSNV**, flutti skýrslu stjórnar fyrir árið 2019. Sjá heimasíðu SSNV.

### Ársreikningur 2019

**Kristján Jónasson, endurskoðandi**, fór yfir ársreikning SSNV fyrir árið 2019:

*Ársreikningur SSNV:* Rekstrartekjur voru 248.930.220 kr., rekstrargjöld 250.677.639 kr. og fjármunatekjur 2.331.174 kr., áhrif hlutdeildarfélagans NVB voru -3.056.090 kr. Tap varð því á rekstri að upphæð 3.639.945 kr.

Sjá heimasíðu SSNV.

## Fyrirspurnir og umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning.

**Enginn** tók til máls og vísaði þingforseti ársreikningi 2019 til fjárhagsnefndar.

## Fjárhags- og starfsáætlun 2021

**Unnur Valborg Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri SSNV**, gerði grein fyrir fjárhagsáætlun og starfsáætlun SSNV fyrir árið 2021. Þingforseti vísaði fjárhagsáætlun SSNV fyrir 2021 til fjárhagsnefndar og starfsáætlun SSNV fyrir 2021 til allsherjarnefndar.

## Ávörp gesta

### Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

Ráðherra þakkaði fyrir boðið að ávarpa þingið. Hann fór svo í gegnum nokkur mál sem tengjast hans ráðuneyti, s.s. Ísland ljóstengt, framlög til samgöngumála, Loftbrú, endurskoðun Byggðaáætlunar 2024 og Samgönguáætlun. Átakið „störf án staðsetningar“ mætti ganga betur og þar væri viðtækari hugarfarsbreytingar þörf.

Ráðherra fór svo yfir þær áskoranir sem Covid 19 hefur í för með sér, þar sem eru aðgerðir til viðspyrnu og viðsnúnings. Staða sveitarfélaga geti versnað um allt að 26 milljarða miðað við áætlanir. Hann ræddi að lokum fyrirhugaðar breytingar á sveitarstjórnarstiginu, m.a. lágmarksíbúafjölda og taldi að með því mætti auka þjónustugetu og bæta innviði.

Sigurður Ingi studdist við glærur í ávarpi sínu og eru þær aðgengilegar á heimasíðu SSNV.

### Aldís Hafsteinsdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga

Aldís þakkaði fyrir boðið að ávarpa þingið og nefndi þann tímasparnað vegna fjarfunda sem eiginlega einu jákvæðu hlið Covid 19. Hún ræddi sveitarstjórnarstigið sem hina öfluglu meginstöð íbúavelferðar, nauðsynlega tryggingu tekjustofna sveitarfélagana, réttlátt jöfnunarkerfi og samráðs og samtalsgátt við stjórnvöld.

Þá ræddi Aldís hagvöxt Íslands 2000-2024, atvinnuleysi á Norðurlandi vestra í samanburði við landið í heild, leiðréttingar á ríkisframlögum t.d. til dvalarheimila aldraðra, þingmál sem snerta sveitarfélögin í landinu og verkefni tengd LOF-samkomulaginu. Þá væri stafræn framþróun eitt mikilvægasta samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga.

Aldís studdist við glærur í ávarpi sínu og eru þær aðgengilegar á heimasíðu SSNV.

### Haraldur Benediktsson, 1. þingmaður Norðvesturkjördæmis

Haraldur minnti á margvíslegan árangur sem náðst hefur á undanförunum árum og þakkaði sveitarstjórnarmönnum góð störf. Hann ræddi fjármál ríkisins og áætlanir næstu árin, 10 % af landsframleiðslu eru horfin og ekki vitað hversu lengi ástandið mun vara. Öðru vísi samsetning í atvinnulífi NV gerir áhrif hér þó eitthvað minni. Sækja þyrfti meira á tengivega-pott Vegagerðarinnar. Nú þegar Ljóstengt Ísland er á lokametrinum mætti hugsa sér að skoða möguleika til viðbótar við tengingar Mílu, m.a. fyrir nýja kynslóð gagnavera.

Að lokum ítrekaði Haraldur nauðsyn á innleiðingu stafrænnar þjónustu hins opinbera.

**Til máls tóku:** Magnús Magnússon, Halldór G. Ólafsson og Álfhildur Leifsdóttir og svöruðu gestirnir fyrirspurnum þeirra

## Tillögur og ályktanir lagðar fram

Fyrir þinginu lágu eftirfarandi tillögur sem sendar höfðu verið send út með fundarboði og vísaði þingforseti þeim til viðkomandi nefnda:

### Fjárhagsnefnd

- Ársreikningur SSNV 2019
- Fjárhagsáætlun SSNV 2021
- Laun og þóknun til stjórnar og nefnda

### Stjórnskipulagsnefnd

- Breytingar á samþykktun og þingsköpum SSNV
- Breytingar á starfsreglum úthlutunarnefndar og fagráða Uppbyggingarsjóðs

### Allsherjarnefnd

- Starfsáætlun SSNV 2021
- Ályktun um hagsmunamál sveitarfélaga á Norðurlandi vestra

Þá lagði Halldór G. Ólafsson fram tvær tillögur:

### **Tillaga fyrir 28. árs- og 4. haustþing SSNV**

*28. árs- og 4. haustþing SSNV, haldið í fjarfundi 23. október 2020, mótmælir ákvörðun stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi tímasetningu landsþings 2020 þann 18. desember. Þingið hvetur stjórn Sambandsins til þess að leita afbrigða frá samþykktum eða boða til aukalandsþings með tveggja vikna fyrirvara til þess að eðlilegt samtal um málefni sveitarfélaganna á Íslandi geti átt sér stað fyrir á árinu 2020.*

#### **Greinargerð:**

*Í samþykktum Sambands íslenskra sveitarfélaga kemur fram að félagsskapnum sé ætlað að vera sameiginlegur málsvari sveitarfélaganna og vinna að sameiginlegum hagsmunamálum þeirra og samstarfi. Í 4. grein kemur fram að landsþing hafi æðsta vald í málefnum sambandsins og skuli koma saman árlega, að jafnaði í mars eða apríl. Boðun á landsþing skuli vera í höndum stjórnar.*

*Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur nú vegna þrýstings frá sveitarfélögum og landshlutasamtökum dregið til baka ákvörðun sína um að halda ekki landsþing á árinu 2020. Þingið hefur verið boðað, samkvæmt samþykktum, með tveggja mánaða fyrirvara og er því á dagskrá 18. desember næstkomandi. Samkvæmt gildandi starfsáætlun Alþingis er gert ráð fyrir að síðasti þingfundur fyrir jól verði þann 17. desember og landsþingið er því fyrirhugað eftir að störfum Alþingis ætti að vera lokið. Það hlýtur að vera í hæsta máta óeðlilegt að stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga reyni ekki að tryggja eðlilegt samtal sveitarfélaganna á Íslandi áður en Alþingi lýkur störfum á árinu 2020. Landsþing hefur ekki verið haldið síðan í september 2019 og eðli málsins samkvæmt eru fjöldamörg mál sem sveitarstjórnarfolk á landinu ætti að hafa þörf fyrir að ræða við sín á milli og við stjórn sambandsins.*

*Einnig má nefna að stjórnin var búin að boða til þings í janúar sem átti að fara fram í mars en var frestað. Jafnvel má líta þannig á að stjórn geti afturkallað frestun á þegar boðuðu þingi og þurfi því ekki að tilkynna þinghald með tveggja mánaða fyrirvara.*

### **Tillaga fyrir 28. árs- og 4. haustþing SSNV**

28. árs- og 4. haustþing SSNV, haldið í fjarfundi 23. október 2020, hvetur sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra til að falla frá framlagningu frumvarps um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórn á grásleppu o.fl.).

#### **Greinargerð:**

Meginmarkmið laga um fiskveiðistjórnun og nýtingu nytjastofna er að stuðla að sjálfbærri og hagkvæmri nýtingu fiskistofna sem leiði til traustrar atvinnu og byggðar í landinu. Hlutdeildarsetning á grásleppu mun frá fyrsta degi leiða til gríðarlegrar samþjöppunar á aflaheimildum og takmarka mjög til frambúðar nýliðun innan smábátaútgerðar. Sérstaða grásleppu umfram aðra nytjastofna er hversu staðbundin nýtingin er og hversu afgerandi áhrif hennar er á viðgang einstakra byggðarlaga. Alþingi hefur sett fram markmið m.a. í Byggðaáætlun um jákvæða byggðaðróun um land allt og því er mikilvægt að koma í veg fyrir að breytingar á lögum um stjórn fiskveiða vinni beinlínis gegn settum markmiðum í byggðamálum.

Vísaði þingforseti báðum tillögum til allsherjarnefndar. Ekki bárust aðrar tillögur og hófust því nefndastörf. Að loknum nefndafundum og hádegishléi hófust fundarstörf aftur.

### **Fulltrúatal**

Þingforseti fór yfir fulltrúatal þingsins. Rétt til fundarsetu með atkvæðisrétti eiga 30 fulltrúar og af þeim eru 29 mættir; þeir sömu og fyrir hádegi en við bættist Axel Kárason, Sveitarfélaginu Skagafirði.

### **Afgreiðsla nefndarálita og ársreiknings**

#### **Fjárhagsnefnd**

**Hrefna Jóhannesdóttir** gerði grein fyrir tillögum fjárhagsnefndar.

28. ársþing og 4. haustþing SSNV, haldið 23. október 2020, samþykkir ársreikning SSNV fyrir árið 2019.

Sjá fylgiskjal 1

Tillagan var samþykkt með 28 atkv.

28. ársþing og 4. haustþing SSNV, haldið 23. október 2020, samþykkir framlagða fjárhagsáætlun SSNV fyrir árið 2021.

Sjá fylgiskjal 2

Tillagan var samþykkt með 28 atkv.

28. ársþing og 4. haustþing SSNV, haldið 23. október 2020, samþykkir eftirfarandi um laun og þóknun til stjórnar og nefnda SSNV:

Laun og þóknun til stjórnar og nefnda SSNV fylgi þingfararkaupi og ákvörðunum ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytisins um akstursgjald og dagpeninga:

- a) Laun formanns verði 6% af þingfararkaupi



- b) Laun annarra stjórnarmanna verði 3% af þingfararkaupi
- c) Laun fyrir stjórnarfund og aðra fundi stjórnar og nefnda verði 2,5% af þingfararkaupi
- d) Laun formanna nefnda verði 3% af þingfararkaupi fyrir hvern fund í viðkomandi nefnd
- e) Hálf tæði verði greitt fyrir hvern fund stjórnar, samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytisins
- f) Akstur verði greiddur samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytisins um akstursgjald
- g) Annar ferðakostnaður vegna ferða á vegum SSNV verði greiddur samkvæmt reikningi

Greiðslur til úthlutunarnefndar og fagráða Uppbyggingarsjóðs verði sem hér segir:

1. Fagrád - yfirferð umsókna
  - a) 1-20 umsóknir – greitt sem ein fundarseta
  - b) 21-70 umsóknir – greitt sem tvær fundarsetur
  - c) 71-100 umsóknir – greitt sem þrjár fundarsetur
2. Svar við beiðni um rökstuðning vegna höfnunar á styrkbeiðni
  - a) 1-5 beiðnir – greitt sem ein fundarseta
  - b) 6-10 beiðnir – greitt sem tvær fundarsetur
3. Önnur bréf vegna starfa á vegum Uppbyggingarsjóðs
  - a) 1-5 bréf – greitt sem ein fundarseta
  - b) 6-10 bréf – greitt sem tvær fundarsetur

Ekki er sérstaklega greitt til formanna úthlutunarnefndar og fagráða vegna undirbúnings funda þar sem þeir fá hærri greiðslur fyrir fundarsetu en aðrir nefndarmenn.

Tillagan var samþykkt með 28 atkv.

## Stjórnskipulagsnefnd

**Ingveldur Ása Konráðsdóttir** gerði grein fyrir tillögum Stjórnskipulagsnefndar.

### Grein 2.4 hljóði svo:

Stjórn SSNV semur dagskrá árs- og haustþinga. Dagskrá ársþings skal send þingfulltrúum eigi síðar en einni viku fyrir ársþing, ásamt ársreikningi, tillögum að ályktunum og öðrum erindum sem stjórnin leggur fyrir þingið. Dagskrá haustþings skal send þingfulltrúum eigi síðar en einni viku fyrir haustþing, ásamt tillögum að fjárhagsáætlun komandi reikningsárs, tillögum að ályktunum og öðrum erindum sem stjórnin leggur fyrir þingið.

Tillagan var samþykkt með 28 atkv.

### Grein 4.2 hljóði svo:

Ársþing/haustþing SSNV kýs, skv. lið 2.5, endurskoðanda, þrjá fulltrúa í endurskoðunarnefnd, formann úthlutunarnefndar, fimm fulltrúa í hvort fagrád Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra og svo í aðrar nefndir sem þing kann að ákveða. Þegar skipað er í nefndir skal liggja fyrir erindisbréf þar sem fram kemur hlutverk og umboð nefndarinnar ásamt vísan í starfsreglur þar sem það á við.

Tillagan var samþykkt með 28 atkv.

28. ársþing og 4. haustþing SSNV, haldið 23. október 2020, samþykkir starfsreglur fyrir úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs með áorðnum breytingum.

Sjá fylgiskjal 3

**Til máls tóku:** Jón Gíslason og Ingibergur Guðmundsson

Tillagan var samþykkt með 28 atk.

28. ársþing og 4. haustþing SSNV, haldið 23. október 2020, samþykkir starfsreglur fyrir fagråd atvinnuþróunar og nýsköpunar Uppbyggingarsjóðs með áorðnum breytingum.

Sjá fylgiskjal 4

Tillagan var samþykkt með 27 atkv.

28. ársþing og 4. haustþing SSNV, haldið 23. október 2020, samþykkir starfsreglur fyrir fagråd menningar Uppbyggingarsjóðs með áorðnum breytingum.

Sjá fylgiskjal 5

Tillagan var samþykkt með 28 atkv.

### Allsherjarnefnd

**Gísli Sigurðsson** gerði grein fyrir tillögum allsherjarnefndar.

28. ársþing og 4. haustþing SSNV, haldið 23. október 2020, samþykkir framlagða starfsáætlun og markmið SSNV fyrir árið 2021.

Sjá fylgiskjal 6

Tillagan var samþykkt með 28 atkv.

28. ársþing og 4. haustþing SSNV, haldið 23. október 2020, samþykkir fyrirbyggjandi ályktun þingsins er snýr að hagsmunamálum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og íbúa þeirra.

Sjá fylgiskjal 7

Tillagan var samþykkt með 28 atkv.

28. ársþing og 4. haustþing SSNV, haldið í fjarfundi 23. október 2020, hvetur sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra til að falla frá framlagningu frumvarps um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórn á grásleppu o.fl).

Tillagan var samþykkt.

28. árs- og 4. haustþing SSNV haldið í fjarfundi 23. október 2020, mótmælir ákvörðun stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi tímasetningu landsþings 2020 þann 18. desember. Þingið hvetur stjórn Sambandsins til þess að leita afbrigða frá samþykktum eða boða til aukalandsþings með tveggja vikna fyrirvara til þess að edlilegt samtal um málefni sveitarfélaganna á Íslandi geti átt sér stað fyrr á árinu 2020.

**Til máls tóku:** Stefán Vagn Stefánsson og Halldór G. Ólafsson

Tillagan var felld með 18 atkv. gegn 5.

## Kosningar

**Formaður kjörnefndar, Sigríður Regína Valdimarsdóttir**, gerði grein fyrir tillögum kjörnefndar um skipan í eftirtalin embætti:

### Formaður stjórnar SSNV - til tveggja ára

*Ingibjörg Huld Þórðardóttir* Sveitarfélagið Skagafjörður

### Fjórir fulltrúar í aðalstjórn SSNV - til tveggja ára

*Þorleifur Karl Eggertsson* Húnaþing vestra

*Halldór Gunnar Ólafsson* Sveitarfélagið Skagaströnd

*Anna Margrét Sigurðardóttir* Blönduósþær

*Álfhildur Leifsdóttir* Sveitarfélagið Skagafjörður

### Fimm fulltrúar í varastjórn SSNV - til tveggja ára

*Ingveldur Ása Konráðsdóttir* Húnaþing vestra

*Sigurlaug Vordís Eysteinsdóttir* Sveitarfélagið Skagafjörður

*Gunnsteinn Björnsson* Sveitarfélagið Skagafjörður

*Dagný Rósa Úlfarsdóttir* Skagabyggð

*Ragnhildur Haraldsdóttir* Húnavatnshreppur

### Endurskoðandi SSNV - til tveggja ára

*Kristján Jónasson* KPMG

### Endurskoðunarnefnd SSNV - til tveggja ára

*Margeir Friðriksson, formaður* Sveitarfélagið Skagafjörður

*Elín Jóna Rósinberg* Húnaþing vestra

*Sigrún Hauksdóttir* Blönduósþær

### Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra – til tveggja ára

*Lárus Ægir Guðmundsson, formaður* Sveitarfélagið Skagaströnd

Auk þess sitja formenn fagraða atvinnuþróunar og nýsköpunar og menningar í nefndinni.

### Fagrað atvinnuþróunar og nýsköpunar Uppbyggingarsjóðs – til tveggja ára

*Jóhanna Ey Harðardóttir, formaður* Sveitarfélagið Skagafjörður

*Erla Gunnarsdóttir* Húnavatnshreppur

*Gunnar Tryggvi Halldórsson* Blönduósþær

*Gunnsteinn Björnsson* Sveitarfélagið Skagafjörður

*Rakel Runólfsson* Húnaþing vestra

### Fagrað menningar Uppbyggingarsjóðs – til tveggja ára

*Ragnhildur Haraldsdóttir, formaður* Húnavatnshreppur

*Helga Rós Indriðadóttir* Sveitarfélagið Skagafjörður

*Jóel Þór Árnason* Sveitarfélagið Skagafjörður

*Elín Lilja Gunnarsdóttir* Húnaþing vestra

*Lee Ann Maginnis* Blönduósþær

Ekki bárust aðrar tillögur og voru ofangreindir aðilar því sjálfkjörnir.

**Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, þingforseti,** þakkaði fyrir gott þing. Því næst gaf hún nýkjörnum formanni SSNV orðið.

**Ingibjörg Huld Þórðardóttir, nýkjörinn formaður SSNV,** þakkaði þingfulltrúum traustið, ræddi stuttlega um ráðstefnu SSNV um atvinnumál á Nl.v. sem haldin var daginn áður í fjarfundi, þakkaði fyrir gott þing, bauð til næsta ársþings 2021 í Skagafirði og sagði þinginu slitið.

Þinggjörðina rituðu  
Ingibergur Guðmundsson og Davíð Jóhannsson,  
starfsmenn SSNV.